

# Textasýn

## Flokkun samskipta

### Athugasemdir fyrir rannsóknir skýrari

### Breytingar á framsetningu

### Upplýsingar um greiningar

### Staðfesta dagdeildarskrá og göngudeildarnótu

### Saga 2019.3

## Flokkun samskipta

Nú má sjá flokkun samskipta í Textasýn. Þjónustuflokkur, aðkoma, samskiptaform og staðsetning birtast í ítarlegri hluta. Einnig er hægt að sía eftir flokkun samskipta.

## Athugasemdir fyrir rannsóknir skýrari

Nú birtast athugasemdir fyrir rannsóknir í línu fyrir neðan rannsókn í nýrri textasýn. Fyrir vikið er auðlæsilegra að sjá hver athugasemdin er.

## Breytingar á framsetningu

Lítillegar breytingar hafa verið gerðar á framsetningu gagna í Textasýn. Pláss spássíu hefur verið minnkað svo hún hafi minna vægi á smærri skjám. Þá hefur „Sjá meira“ hnappur verið færður og vægi meginefnis hækkað þegar ítarefni er ekki birt.

28.10.2019 **TR Endurhæfingartvötoð** Breyta   
 Guðrún [redacted] Læknir - Almennar lyflækningar<sup>1</sup>  
 Endurhæfing: Vegna sjúkdóms: Nei  
 Vegna slyss: Nei 🔍 Sjá meira...

28.10.2019 **TR-V umsókn um örorkubætur [Óstaðfest]**  
 Guðrún [redacted] Læknir - Almennar lyflækningar<sup>1</sup> 🔍 Sjá meira...

28.10.2019 **TR-V læknisvötoð vegna örorkumats [Óstaðfest]** Staðfesta   
 Guðrún [redacted] Læknir - Almennar lyflækningar<sup>1</sup> 🔍 Sjá meira...

28.10.2019 **Lyfseðill [Óstaðfest]** Guðrún [redacted] Læknir - Almennar lyflækningar<sup>1</sup> 🔍 Sjá meira...  
 Almennar upplýsingar: Forgangur: Venjulegur  
 Sendingarform lyfseðils: Rafrænt á kennitölu  
 Gildistími: Frá 28.10.2019 til 27.10.2020

## Upplýsingar um greiningar

Bætt hefur verið við upplýsingum í textasýn um dagsetningu greininga sem skráðar eru í ferlilotu.

11.03.2019 08:00 **Innritun í ferlilotu**  
 Innritunarlæknir: Guðrún [redacted] (Læknir), númer: [redacted]  
 Þjónustuflokkur: Almennar lyflækningar  
 Hvaðan: Heimili  
 Ástæða: Sjúkdómur eða skylt ástand  
 Innritunarmáti: Bráðainnlögn  
 Tilvísun: Engin tilvísun  
 Hvernig: Sjúkrabill  
 Flokkun sjúklings: Ferlisjúklingur á bráðamóttökudeild  
 Ábyrgur: Guðrún [redacted] Læknir  
Greiningar: Mjóbaksverkir (M54.5+ ICD-10) [ Aðalgreining ] - skráð af Guðrún (Læknir), 29.10.2019

## Staðfesta dagdeildarskrá (nr. 442) og göngudeildarnótu (nr. 58)

Nú er hægt að staðfesta Dagdeildarskrá (nr. 442) og göngudeildarnótu (nr. 58) í vinnulista og textasýn að því gefnu að búið sé að velja greiningu. Ef greining hefur ekki verið valin kemur upp viðvörðun og ekki má staðfesta.

Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir